



LINDARBERG 12



271 m² Verð 82 millj.

Glæsileg rúmgóð efri sérhæð/parhús m/tvöföldum bílskúr. Frábær staðsetning. Fallegt útsýni. 5 svefnherbergi.

ERLUÁS 74



252 m² Verð 105 millj.

Glæsilegt vandað einbýli á einni hæð með 60 m² bílskúr. Stórkostlegt útsýni yfir bæinn og fjórðinn.

LÆKJARHVAMMUR 21



260/307 m² Verð 75,5 millj.

Endaraðhús, möguleiki á aukaíbúð með sér inngangi. Stórt og gott fjölskylduhús á fríðsælum stað.

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar. Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa. Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

Litla Gæludýrabúðin
Strandgötu 32 - Hafnarfirði - S: 517 8666
Fullkomið Hundabað

Tveir hafnfirskir alþingismenn

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Guðmundur Ingi Kristinsson

Tveir hafnfirskir frambjóðendur hlutu brautargengi í þingkosningunum á laugardag. Það voru þau Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir (C) sem er 7. þingmaður kjördæmisins og Guðmundur Ingi Kristinsson (F) sem er 12. þingmaður kjördæmisins og einn fjögurra þingmanna Flokks fólksins sem náði í fyrsta sinn inn á þing. Athyglisvert er að Miðflokkurinn náði góðu kjöri án þess að það drægi úr fylgi Framsóknarflokksins sem

hann klauf sig frá og að Samfylkingin jók fylgi sitt mest þrátt fyrir að hafa ekki náð sínu fylgi frá 2013.

Fimm þingmenn koma nýir inn sem fulltrúar kjördæmisins. Sjá nánar á bls. 4.



Hafnfirðingarnir Guðmundur Ingi og Þorgerður Katrín.

Bilaverkstæði Högna
Allar almennar bilaviðgerðir
Hjólástillingar
Trönuhrauni 2
(Hjallahraunsmegin)
sími 555 2622

Súrdeigsbrauðin okkar eru alvöru
◆ Heilkorna
◆ 100% spelt
◆ Sykurlaus
◆ Gerlaus
◆ Otiulaus
Jón Arillus
KÖKULIST
Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

Skoðaðu úrvalið á www.as.is



Norðurbakki 19A
Fallegt og vel skipulögð 104,4 m², 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi, ásamt sér staði í bílageymslu.
Verð 51,9 millj. kr.



Furuvellir 38
Fallegt og vel byggt einbýlishús á einni hæð á góðum stað innst við botnlanga. Eignin er alls 300,5 m² að stærð sem skiptist þannig að íbúðin er 247,1 m² og bílskúrin 53,4 m². Verð: Tilboð.



Furuás 17
Sérlega fallegt og vandað 291,8 m², 7 herbergja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr, frábært útsýni.
Verð 109,8 millj. kr.

AS FASTEIGNASALA
Stofnuð 1988



FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmíðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Leiðarinn

Fjárhagur Hafnarfjarðar er að batna, tekjurnar aukast með hækkanði fasteignamati og betri afkomu bæjarbúa. Unnið hefur verið að undirbúningi fjárhagsáætlunar fyrir Hafnarfjarðabæ í ráðum bæjarins og var hún tekin fyrir í bæjarráði á þriðjudag. Ekki var búið að birta fundargerð þegar blaðið fór í prentun og því ekki hægt að sjá hver afgreiðslan var en bæjarstjóri sagði í svari við fyrirspurn blaðsins að fjárhagsáætlunin yrði ekki gerð opinber fyrr en á mánudag.

Hver er ástæða þess að fjárhagsáætlun sem samþykkt er í bæjarráði til afgreiðslu í bæjarstjórn sé sveipuð leyndarhjúp í næstum viku? Lengi hefur því verið borið við að Kauphöllin hindri birtingu hennar en því fer víðs fjarri því Kauphöllin vill bara fá hana til sín á sama tíma.

Hver eru réttindi bæjarbúa og jafnvel almennra bæjarfulltrúa að fá að sjá tillögu að fjárhagsáætlun sem samþykkt hefur verið í bæjarráði og á síðan að fara í tvær umræður í bæjarstjórn? Eru tvær umræður í bæjarstjórn bara sýndarmennska og ætlar bæjarstjóri og meirihluti bæjarstjórnar að hindra það að almenningur fái að skoða tillöguna áður en hún kemur til fyrri umræðu í bæjarstjórn?

Hver ætlar að standa upp og segja að hann/hún vilji ekki leyfa bæjarbúum að sjá strax tillögu að fjárhagsáætlun. Þar sem lýðræðið er virt er tillaga að fjárhagsáætlun kynnt fyrir bæjarbúum áður en hún fær tvær umræður í bæjarstjórn og síðan er hún tekin til afgreiðslu á þriðja fundinum.

Tilgangur með tveimur umræðum hlýtur að vera að bæjarfulltrúar geti komið með tillögu til breytinga og tækifæri gefist til að skoða afleiðingar slíkra tillagna áður en þær eru samþykktar.

Það er til lítills gagns að skreyta sig með vottunum og viðurkenningum ef lýðræðið er ekki meira en það að upplýsingar eru faldar fyrir bæjarbúum.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Auglýsingar

sími 565 3066 - 896 4613

gudni@fjardarfrettir.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristin Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is



Sunnudagur 5. nóvember:

Sunnudagaskóli kl. 11

Kvöldmessa kl. 20

Við tendrum ljósinn
og minnumst látinna ástvina.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Sendu **FRÉTTASKOT**

á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is



Víðistaðakirkja

Allra heilagra messa 5. nóv.

Guðspjónusta kl. 11

Látinna minnst.

Kór Víðistaðasóknar syngur undir
stjórn Helgu Þórdísar Guðmundsdóttur.
Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Sunnudagaskólinn kl. 11

Fjölbreytt dagskrá fyrir börn á öllum aldri.
María og Bryndís leiða stundina.

Vöflukaffi að guðspjónustum loknum.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadakirkja.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA



Sunnudagur 5. nóvember

**Messa og
sunnudagaskóli kl. 11**

Allra heilagra messa. Látinna minnst.

Markþjálfun fyrir ungt fólk

hefst mánudaginn 6. nóvember kl. 19-21.

**Morgunmessa, skáklúbbur, TTT,
barna og unglíngakórar.**

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 5. nóvember

**Fjölskyldu-
guðspjónusta kl. 11**

Kórar kirkjunnar, barnakór og kirkjukór syngja
Lífleg fræðsla, gott samfélag.

Safnað fyrir vatnsverkefni

Fermingarbörn ganga í hús og safna
fyrir vatnsverkefni á vegum Hjálparstarfs
kirkjunnar þriðjudaginn 7. nóv. kl. 17-19.



www.astjarnarkirkja.is

Dauði og dramtík á hádegistónleikum

Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir syngur í Hafnarborg á þriðjudag

Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir syngur aríur eftir G. Verdi og G. Puccini á hádegistónleikum í Hafnarborg á þriðjudaginn. Yfirskrift tónleikanna er hvorki meira né minna en „Dauði og dramtík“ en listrænn stjórnandi þeirra og undirleikari er Antonía Hevesi.

Ingibjörg stundaði framhaldsnám við Tónlistarháskólann í Nürnberg og lauk mastersnámi þaðan með láði í óperu og ljóðasöng sumarið 2005

Ingibjörg starfar sem söngkona, og er tónlistar- og umsjónarkennari við Klettaskóla í Reykjavík

Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir sópransöngkona





Coca-Cola

JOHN WAYNE 200GR



Coca-Cola

FISH AND CHIPS



Coca-Cola

PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opið alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á www.burgerinn.is



Coca-Cola

BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



Coca-Cola

BURGER SALAT



Coca-Cola

NAUTA SIRLOIN 200GR

Búa til nef og fingur og fjölmargt fleira

Hafnafirski fyrirtækið Stoð fagnaði 35 ára afmæli sínu í síðustu viku

Hafnafirski fyrirtækið Stoð hf. fagnaði 35 ára afmæli sínu sl. föstudag með opnu húsi að Trönuhrauni 8. Þar gátu gestir skoðað fjölbreytta starfsemi fyrirtækisins sem hefur verið leiðandi í þjónustu við einstaklinga sem þurfa á einhvers konar hjálpartækjum að halda.

Við fyrstu sýn virðist fyrirtækið aðallega selja hjólastóla og slíkar vörur auk þess sem spelkur, innlegg og aðrar smávörur eru áberandi.

30 MANNA FYRIRTÆKI

En þegar fyrirtækið er skoðað kemur ýmislegt fleira í ljós og í raun ótrúlegt hvað þetta 30 manna fyrirtæki er með fjölbreytta framleiðslu. Þarna vinna



Aron Bjarnason umhverfisverkfræðingur á hjólastól sem hægt er að smella rafmagnshjól framán á og komast auðveldlega leiðar sinnar.




Þrividdar fræsari.

stoðtækjafræðingar, stoðtækjasmíðir, fleiri við að þjónusta fólk með einhvers konar fötlun. bæklunarskósmíðir, íþróttافرæðingur, sjúkraliði, bólstrari, vélfræðingur og

FJÖLBREYTT STARFSEMI

Þarna eru sérútbúin hjólastólar, aðlagðir að þörfum hvers og eins, smíðaðir gervifætur og hendur, útbúin sílikonfingur, hendur og jafnvel nef, og þar má fá sérsníðaða skó, gervibrjóst, hárkollur og fleira. Þá eru seld smáhjálpartæki til notkunar í daglegu amstri s.s. borðbúnaður, hnepparar, krukkuopnarar, griptangir og margt fleira.

Tækjakosturinn er mikill, allt frá föststíginni skósaumavél upp í tölvustýrðan þrividdar fræsara. Öllu er haganlega fyrir komið í húsnæði sem í raun er fyrir löngu búið að sprengja allt utan af sér að sögn Einars M. Jóhannssonar vélfræðings sem leiddi blaðamann Fjarðarfretta um fyrirtækið.



Einar M. Jóhannsson.

Petta eru þingmenn SV-kjördæmis



Bjarni Benediktsson
Sjálfstæðisflokkurinn



Bryndís Haraldsdóttir
Sjálfstæðisflokkurinn



Rósa Björk Brynjólfsson
Vinstri grænir



Guðmundur Andri Thorsson
Samfylkingin



Jón Gunnarsson
Sjálfstæðisflokkurinn



Gunnar Bragi Sveinsson
Miðflokkurinn



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
Viðreisn



Jón Þór Ólafsson
Píratar



Willum Þór Þórsson
Framsóknarflokkurinn



Óli Björn Kárasón
Sjálfstæðisflokkurinn



Ólafur Þór Gunnarsson
Vinstri grænir



Guðmundur Ingi Kristinsson
Flokkur fólksins



Jón Steindór Valdimarsson
Viðreisn

Björt framtíð þurrkaðist út af þingi

Samfylking jók fylgi sitt um 156% og Framsókn jók fylgi sitt þrjú fyrir klofning

Kjörsoðin í SV-kjördæmi var 82,4% og jókst um 2,75% frá í fyrra þegar kjörsoðin var í sögulegu lágmarki. Kjörsoðin á landinu öllu var 81,2% en var 79,2% í fyrra.

Auð atkvæði voru 1.261 eða 2,2% þeirra sem mættu á kjörstað og ógild voru 254 eða 0,4%.

Átta flokkar af 10 sem buðu fram í kjördæminu náðu inn þingmönnum en sex flokkar náðu inn manni í fyrra.

BJÖRT FRAMTÍÐ ÞURRKAÐIST ÚT

Björt framtíð galt mikið afhroð alls staðar á landinu og tapaði 85% af sínu fylgi í kjördæminu. Hafði flokkurinn tvo þingmenn í kjördæminu en tapaði öllum sínum þingmönnum og hverfa þeir af þingi. Fékk flokkurinn aðeins 846 atkvæði en fékk 5.458 atkvæði í SV-kjördæmi í fyrra.

SAMFYLKINGIN JÓK FYLGIÐ UM 156%

Eftir að hafa golið afhroð í síðustu kosningum jók Samfylkingin fylgi sitt

um 155,7%. Aðeins Sjálfstæðisflokkur og Vinstri grænir fengu fleiri atkvæði en Viðreisn fékk annan uppþátarþingmanninn þó fylgi þeirra væri lægra en Samfylkingarinnar.

FLOKKUR FÓLKSINS NÁÐI INN MANNI

Sennilega voru óvæntustu úrslitin að Flokkur fólksins fékk fjóra þingmenn og þar af einn í SV-kjördæmi og hafði nær tvöfaldað fylgi sitt.

PÍRATAR HRAPA

Píratar misstu 38,6% atkvæða og misstu annan þingmann sinn í kjördæminu.

FRAMSOÐN JÓK FYLGIÐ ÞRÁTT FYRIR KLOFNING

Framsóknarflokkurinn jók fylgi sitt um 4,2% í kjördæminu og heldur sínum þingmanni og fékk 7,9% atkvæða þrjú fyrir klofning rétt fyrir kosningar og góðan árangur klofningsflokksins, Miðflokksins sem náði 9,5% atkvæða og einum manni.

VIÐREISN TAPAR 39% AF FYLGI EN HELDUR SÍNUM ÞINGMÖNNUM

Sjálfstæðisflokkurinn er áfram stærsti flokkurinn með 30,9% atkvæða í kjördæminu en tapaði 8,8% og einum manni. Viðreisn tapar 38,6% af sínum atkvæðum en heldur sínum tveimur þingmönnum en flokkurinn fékk annan uppþátarþingmanninn.

5 NÝIR ÞINGMENN

Sex þingmannanna náðu endurkjöri en fimm detta af þingi, þau Óttar

Proppé (A), Eygló Harðardóttir (B), Þórhildur Sunna Ævarsdóttir (P), Vilhjálmur Bjarnason (D) og Theodóra S. Þorsteindóttir (A). Eygló og Theodóra sátu í heiðurssetum sinna flokka og stefndu ekki á þing.

Nýir inn eru Guðmundur Andri Thorsson, Gunnar Bragi Sveinsson, Willum Þór Þórsson, Ólafur Þór Gunnarsson og Guðmundur Ingi Kristinsson. Þeir Guðmundur Andri og Guðmundur Ingi hafa ekki setið á þingi áður.



A.m.k. 40 mínútna biðröð myndaðist við kjördeild 5 í Lækjarskóla á meðan engin biðröð var í kjördeild 4 eða 6!

Úrslit 2017

flokkur	atkvæði	%	breyting	kjörd.	upp.	þingmenn
Sjálfstæðisflokkur (D)	17.216	30,9%	-8,8%	4	0	4
Vinstri græn (V)	7.591	13,6%	+13,8%	2	0	2
Samfylking (S)	6.771	12,18%	+155,7%	1	0	1
Miðflokkurinn (M)	5.282	9,5%		1	0	1
Viðreisn (C)	5.277	9,5%	-26,4%	1	1	2
Píratar (P)	4.641	8,3%	-38,6%	1	0	1
Framsókn (B)	4.425	7,9%	+4,2%	1	0	1
Flokkur fólksins (F)	3.616	6,5%	+98,5%	0	1	1
Björt framtíð (A)	846	1,5%	-85,2%	0	0	0
Alþýðufylkingin (R)	75	0,1%	-30,4%	0	0	0

1,2% frá stjórnarskrárbroti

98,8% fleiri á bak við hvert atkvæði í SV-kjördæmi

5.346 kjósendur eru á bak við hvern þingmann í SV-kjördæmi á meðan 2.690 eru á bak við hvern þingmann í Norðvesturkjördæmi. Er munurinn aðeins 1,2% frá því að landsskjörstjórn hefði verið gert skylt skv. stjórnarskrá að færa þingsæti á milli kjördæmanna.

Ef jafnt væri skipt ætti SV-kjördæmi að hafa 18 þingmenn en ekki 13.

Langflestir kjósendur eru á bak við hvern þingmann í SV-kjördæmi og þar sem minnsti munurinn er, við Reykjavíkurborg kjördæmi norður, munar 27,5%.

GÓÐ VERÐ Í NÓVEMBER



LAYS GOURMET
150 G – 3 TEG
169
KR/PK
1.127 KR/KG



MYLLU MÖNDLUSTYKKI
160 G
269
KR/PK
1.681 KR/KG



PRIF HREINSIEFNI
750 ML
399
KR/STK
532 KR/L



DAN CAKE MUFFINS
225 G
249
KR/PK
1.107 KR/KG



ORA HÁTÍÐARSILD
540 G
599
KR/STK
1.109 KR/KG



HARIBO
135 G
10 TEG.
169
KR/PK
1252 KR/KG

PRIF GÓLFBÓN
750ML
799
KR/STK
1065 KR/L



ORA JÓLASILD
660 G
799
KR/STK
1.211 KR/KG

COKE ZERO
500 ML
129
KR/STK
258 KR/L



SEGAFREDO CASA BAUNIR
500 G
599
KR/PK
1.198 KR/KG



SEGAFREDO CASA MALAÐ
250 G
399
KR/PK
1.596 KR/KG



MINI FRUKT SKVÍSUR
90 G – 3 – TEG
149
KR/STK
1.656 KR/KG



BEEF JERKY
50 G – 3 TEG
399
KR/PK
7.980 KR/KG

PEPSI/PEPSI MAX PLAST
500 ML
99
KR/STK
198 KR/L



SMÁUGLÝSINGAR

Þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Bón verndar bíllinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.

Sýnishorn á siggileifa.l23.is sími 8637265 siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.

Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

5. nóv. kl. 18, Ásvellir

Haukar - ÍBV, úrvalsd. kvenna

5. nóv. kl. 20, Ásvellir

Haukar - Gróttta, úrvalsd. karla

6. nóv. kl. 19.30, Kaplakriki

FH - ÍR, úrvalsd. karla

8. nóv. kl. 19.30, Valshöllin

Valur - Haukar, úrvalsd. kvenna

ÚRSLIT KARLA:

FH - Fjölnir: (miðv.dag)

Körfubolti:

2. nóv. kl. 19.15, Sauðárkrókur

Tindastjöll - Haukar, úrvalsd. karla

ÚRSLIT KVENNA:

Skallagrímur - Haukar: (miðv.dag)

Haukar - Keflavík: 81-78

Breiðablik - Haukar: 92-74

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Keflavík: 87-90

HANDBOLTI

ÚRVALSDEILD KVENNA
STAÐAN

	L	U	J	T	Mörk	Nett	Stig
1 Valur	6	5	1	0	161	31	11
2 ÍBV	6	4	1	1	177	31	9
3 Haukar	6	4	0	2	138	8	8
4 Fram	6	3	2	1	172	18	8
5 Stjarnan	6	2	1	3	177	11	5
6 Selfoss	6	1	1	4	139	-24	3
7 Fjölnir	6	0	2	4	109	-45	2
8 Gróttta	6	0	2	4	130	-30	2

HANDBOLTI

I. DEILD KVENNA STAÐAN

	L	U	J	T	Mörk	Nett	Stig
1 HK	5	4	1	0	137	42	9
2 KA/Þór	4	4	0	0	119	34	8
3 FH	5	3	1	1	110	9	7
4 Víkingur	4	2	1	1	99	13	5
5 ÍR	5	2	0	3	128	-1	4
6 Afturelding	4	1	1	2	68	-7	3
7 Fylkir	4	1	0	3	78	-15	2
8 Fram U	5	1	0	4	111	-36	2
9 Valur U	4	0	0	4	73	-39	0

Sungið á degi íslenskrar tungu

Kvennakór Hafnarfjarðar syngur með Kór Öldutúnsskóla

Kvennakór Hafnarfjarðar heldur tónleika í Víðistaðakirkju fimmtudaginn 16. nóvember kl. 20. Gestir tónleikanna verða Kór Öldutúnsskóla og Brynhildur Auðbjargardóttir, stjórnandi kórsins.

Kvennakór Hafnarfjarðar tók nýverið þátt í keppninni Kórar Íslands á Stöð 2. Kórinn komst ekki í úrslit en fékk mjög góða umsögn frá dómurum keppinnar og ljóst er að þátttaka í keppninni var skemmtileg lífsreynsla fyrir kórkonur og á án efa eftir að efla kórstarfið og hvetja til frekari dáða.

Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur 16. nóvember ár hvert, á fæðingardeggi Jónasar Hallgrímssonar. Kvennakór Hafnarfjarðar langar til að leggja sitt af mörkum á þessum degi og eru tónleikarnir því tileinkaðir tungumálinu okkar og bera yfirskriftina Ást-kæra, ylhýra. Nær öll lög sem kórarnir syngja á tónleikunum eru íslensk og allir lagatextar eru á íslensku. Á efnisskrá tónleikanna verða íslensk þjóðlög ásamt lögum eftir Atla Heimi Sveinsson, Jón Ásgeirsson og fleiri

íslensk tónskáld. Sem dæmi um ljóða-höfundu má nefna Halldór Laxness, Davíð Stefánsson, Ölgu Guðrúnu Árnadóttur og Káin. Í stuttu máli má segja að yrkisefnið í ljóðunum sem kórinn flytur séu bernskan, lífið og tilveran og bera textarnir glöggt vitni um vald höfundanna á íslenskrari tungu og færni þeirra til þess að tjá sig á bundnu máli.

Stjórnandi Kvennakórs Hafnarfjarðar er Erna Guðmundsdóttir og píanóleikari

er Antonía Hevesi. Stjórnandi Kórs Öldutúnsskóla er Brynhildur Auðbjargardóttir.

Miðar eru seldri hjá kórkonum og við innganginn Einnig má senda tölvupóst á kvennakor.hafnarfjarðar@gmail.com eða skilaboð á Facebook síðu kórsins. Ókeypis er fyrir börn 12 ára og yngri. Ekkert hlé verður á tónleikunum en boðið verður upp á kaffi og konfekt að þeim loknum.

SJÓÐUR FRÍÐRIKS BJARNASONAR
OG GUÐLAUGAR PÉTURSDÓTTUR

Auglýst er eftir umsóknum um styrk úr Sjóði Fríðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur. Hlutverk sjóðsins er að efla tónlistarlíf í Hafnarfirði og styrkja hafniriska nemendur til framhaldsnáms í tónlist og fræðimenn í tónlist.

Umsækjandi skal gefa greinargóða lýsingu á námi sínu eða fyrirhuguðu verkefni. Umsóknir skulu berast eigi síðar en 13. nóvember 2017 og skulu merktar:

Hafnarfjarðarbær
Bt. Sjóður Fríðriks Bjarnasonar og Guðlaugar Pétursdóttur
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJARÐARBÆR
585 5500
hafnarfjordur.is

Forseti bæjarstjórnar fékk
aðeins 135 atkvæði

Bauð sig fram í oddvitasæti BF í Norðvesturkjördæmi

Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og stjórnarformaður Bjartrar framtíðar bauð sig fram í efsta sæti fyrir Bjarta framtíð í Norðvesturkjördæmi. Þar hlaut hún og listi hennar aðeins 135 atkvæði eða 0,78% atkvæða í kjördæminu. Náði hver hinna 26 á listanum aðeins að fá atkvæði 5,2 kjósenda að meðaltali.

Hún verður því ekki þingmaður frekar en nokkur annar sem bauð sig fram fyrir Bjarta framtíð. Björt framtíð á tvo fulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.



Guðlaug Kristjánsdóttir

Á DÖFINNI

Hafnarborg

Tvær Nýjar sýningar hafa verið opnaðar í Hafnarborg. Það eru sýningararnar „Japönsk nútímahönnun 100“, í aðalsal Hafnarborgar og sýningin „Með augum Minkins“ – hönnun, ferli, framleiðsla í Sverrisal.

Iceland Airwaves í
Bike Cave Hafnarf.

Fimmtudag 2. nóvember

16.30 Eif (DK), nordic pop
17.15 Circe (UK), alt-pop
18.00 Morning Bear (US) indie-folk
18.45 Graveyard Club (US) indie

Föstudag 3. nóvember

15.45 Bródir Big (IS), rap
16.30 Dagný (IS), acoustic
17.15 Canis (IS), blackend metal core
18.45 Gróa (IS), rock
19.30 Hemúllinn (IS), pönk

Laugardagur 4. nóvember

15.45 Aron Óskars (IS), pop/rock - country/folk

16.30 Styrmir (IS), rap

17.15 Fever Dream (IS), rap

18.00 MSEA (CA), alternative

Sunnudagur 5. nóvember

14.30 David Bavas (US), americana
15.45 Phoebe Coco (UK), piano with subtle electronica

16.30 Andri Pétursson (IS), acoustic

17.15 DJ Vital (LV), electronica

18.30 I AM HALO, (US), potronica

Hádegistónleikar

Ingibjörg Aldís Ólafsdóttir syngur ariur eftir G. Verdi og G. Puccini á hádegistónleikum í Hafnarborg á þriðjudaginn kl. 12.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! **Frítt söluverðmat**

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasala

RE/MAX

sími 896 6076
as@remax.is

FJÖRDUR

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900



Ársæll Steinmóðsson
aðst.m. í löggr.námi



Páll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Tengsl við Rio Tinto slitið

Hafnarfjarðarbær gert nýjan samning um eflingu íþróttastarfs iðkenda 17 ára og yngri og er framlag bæjarins 10 milljónir kr. árið 2018 þó enn sé ekki búið að semja fjárhagsáætlun.

Er tengsl við Rio Tinto slitið með þessum samning en áður var fyrirtækið hluti af þessum samningi og styrkti félögin gegn kröfu um auglýsingamerkingar m.a. á búningum barnanna og þótti það ekki við hæfi að Hafnarfjarðarbær væri tengur slíkum samningi.

Skólamatur frá Skólamat

Hafnarfjarðarbær hefur samið við fyrirtækið Skólamat ehf. í Reykjanesbæ um að bjóða upp á mat fyrir nemendur í þeim leik- og grunnskólum sem Skólaaskur hafði með höndum áður og var boðinn út í fyrra. Skólamatur átti þá næst lægsta tilboðið en hafði haft þjónustuna með höndum áður.

Mikil óánægja hafði verið með matinn frá Skólaaski og var það sameiginleg ákvörðun beggja aðila að slíta samningnum frá 31. október en 1. nóvember tók Skólamatur ehf. við.



Sólvangsdagurinn 2017

Hinn árlegi Sólvangsdagur verður haldinn laugardaginn 4. nóvember kl. 13:30-16

Dagskrá

- Sala á munum sem heimilisfólk, gestir dagdvalar og starfsfólk hafa unnið á vinnustofu
- Vöflukaffi með öllu tilheyrandi að hætti Bandalags kvenna í Hafnarfirði
- Bókamarkaður
- Kynning á Hollvinasamtökum Sólvangs
- Þórður spilar á harmónikkuna
- Kynning á teikningum nýs hjúkrunarheimilis



Allir eru hjartanlega velkomnir og við vonumst til þess að sjá sem flesta.



Stoppলেখপুৰিন

sýnir

Leikrit um Lúther

í Víðistaðakirkju fimmtudaginn 2. nóvember kl. 20:00



Skýggst inn í æsku og uppvöxt Lúthers og reynt að varpa ljósi á það hvernig hann óx frá því að alast upp á fábrotnu alþýðuheimili upp í það að taka doktorspróf í guðfræði og setja fram gagnrýni á kaþólsku kirkjuna.

Handrit og leikgerð:
Valgeir Skagfjörð og Stoppলেখপুৰিন.

Leikstjórn:
Valgeir Skagfjörð

Leikarar:
Eggert A. Kaaber
Katrín Þorkeldsdóttir
Valgeir Skagfjörð

Leikritið er ætlað fullorðnum og eldri börnum
Aðgangur ókeypis

VÍÐISTAÐAKIRKJA

Rafrettur eru boðflennur í líf barnanna

Enn sem komið er gilda engar reglur um sölu á rafrettum. Unnið er að gerð reglna hjá heilbrigðisráðuneytinu. Söluaðilar virðast geta selt börnum þessa vöru óhindrað en margir söluaðilar hafa sett sér einhverjar reglur. Nikotín-magnið í rafrettuvökum sem búðimar eru að selja fara alveg upp í 18 gr. sem er miklu meira magn en í sigarettum.



Geir Bjarnason

HEYST HEFUR AÐ FORELDRAR SAMÞYKKI AÐ BÖRNIN SÍN SÉU AÐ REYKJA RAFRETTUR

Hafnarfjarðarbær er heilsuþæg þar sem lögð er áhersla á hollustu og heilbriggt lífni. Meðferð tobaks er og hefur verið bönnuð í öllum stofnunum bæjarins hvort sem um er að ræða íþróttahús, skólalúsnæði eða bæjar-skrifstofur. Þetta bann gildir líka um rafrettur, munn- og neftóbak.

Í huga íþrótt- og tómstundafulltrúans ættu lög um tobaksvarnir að gilda um rafrettur því þar er fjallað um reykfæri sem eru áhöld og búnaður tengdum reykingum s.s. reykjarpípum og fleira.

Það er jafnframt bannað að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sigarettum, vindlum eða reykjarpípum.

Rafrettur eru til þess að hjálpa reykingamanninum að hætta reykja og eru alveg

ágætar til þess brúks.

Það að ýta undir að börn séu að reykja rafrettur til þess að upplifa einhverja ánægju eða einhverskonar vímu hlýtur að auka líkurnar á að næst sé eitthvað annað efni prufað og svo koll af kolli.

Ég hvet foreldra til að ihuga vel þessi mál. Hér ættu að gilda sömu viðmið og varðandi tobak, að sala sé ekki heimil fyrr en þegar 18 ára sjálffræðisaldri er náð.


Höfundur er íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar.

Jólahlaðbord Fjörúkráarinnar

Hefst 17. nóvember



Nú er komið að okkar árlega jólahlaðborði sem verður með þjóðlegu sniði. Söngvararnir okkar ganga á milli borða og syngja jólalög. Að borðhaldi loknu tekur Einar Ágúst við og spilar frameftir kvöldi.



Lífandi tónlist



Einu er jólahlaðbord á Hlíði



www.fjorukrain.is - **pantanir**: birna@fjorukrain.is

Fylgstu með okkar á Facebook  Viking Village - Fjörúkráin og Hótel Víking